



## Ræða um forseta Íslands, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Lýðræði – Forseti Íslands – Konungur – Þjóðkjör - Lýðveldi – Ræður

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Konungdæmið hvílir á þeirri hugsun, að einn sé af guði kjörinn til að vera höfðingi hvernar þjóðar.

Lýðveldi gerir á hinn bóginn ráð fyrir, að allir menn séu jafnir fyrir lögum. Ólíkir að vísu um margt, sumir miklir, aðrir smair, en allir mannlegum breiskleika haðir. Þess vegna eigi enginn fyrirfram að vera hafinn yfir mannleg lög, enginn fyrirfram að vera ákveðinn höfðingi þjóðar sinnar, <sup>enginn að komast til slíkra tíma,</sup> nema hann hafi til þess samþykki hennar eða fulltrúa þeirra, sem hun hefir til þess kjörið.

Mannleg saga synir, að samtíminn á oft erfitt með að greina, hver í raun og veru er fremstur.

Stendur um stóra menn  
stormur úr hverri átt.

Vér Íslendingar teljum þjóð vora hafa átt eitt, og aðeins eitt, sannanlegt mikilmenni í stjórnmálum á <sup>vitani</sup> ~~línum~~ öldum. En jafnvel Jón Sigurðsson naut eigi óskifts fylgis alla sína tíð. Í sögu hans skiftust á skin og skuggar svo sem hjá öðrum mennskum mönnum.

*Framgildin sögu: best er hof að hafa,*  
*Því hamingjan þeim tryggust reynist lýðum,*  
*sem hvorki fljúga djarfast, dýpst né kafa,*  
*en drjúgir eru á skriði í miðjum bláttum..*  
tíminn dæmir ~~me~~ ymsa öðru vísi en þeir voru metnir á meðan þeir sjálfir lifðu.

Alt þetta er oss skylt að hafa í huga, þegar horfið er frá konungdæmi og til lýðveldis.

Við forseta kjör verður hver sá, er kjörrett hefir, að fara eftir eigin samvizku. Hann má þar um eigi hlíta fyrirmælum annara, heldur gera það eitt, er hann telur rett.

Aður en kosning fer fram er enginn sjálfkjörinn. Allir koma þar jafnt til greina. Kjösandinn verður að meta, hvern hann helst kýs. Sá, sem flest fær atkvæðin, er rétt kosinn. Þá fyrst, en eigi fyrr, er hinn nýkjörni forseti orðinn þjóðhöfðingi, sem öllum landsmönnum ber að sýna hollustu.

Íslendingar hafa nú kjörið sinn fyrsta forseta. Alþingi kaus hann að fyrirlagi stjórnarskrar ríkisins.

Óhjákvæmilegt var, að eigi kæmi öllum saman um, hvern kjösa ætti. Enginn er allra <sup>mest um</sup> ~~með~~ T:9 fær valið <sup>einn af þremur mönnum</sup> ~~með~~ <sup>þjóðmönnum</sup>

Innlendur þjóðhöfðingi hefir verið hér um hrið. <sup>Þá</sup> maður, sem því starfi gengdi, hafði <sup>þá</sup> aldrei fengið atkvæði allra þingmanna til sins veglega starfs. Öllum var vitað, að sumar stjornarathafnir hans höfðu mælst misjafnlega fyrir. Gagnryni á þeim hefur <sup>samt</sup> ~~þó~~ verið mjög í hóf stilt, miklum mun meira heldur en ef um athafnir annara hefði verið að ræða. Slíkt er skylt um þjóðhöfðingja, þann, sem vera á einingartakn þjóðarinnar.

Hitt var óhjákvæmilegt, að í hópi fyrstu forseta-kjösendanna, þingmanna, væri mat lagt á þessar athafnir áður en forseti væri kjörinn. Ella hefðu þingmenn brugðizt sinni helgustu skyldu.

<sup>þann</sup> ~~þann~~ syndi, að eftir þetta mat, sem hver þingmaður gerði með sjálfum sér, var meirihluti þingmanna fyrir kosningu þáverandi ríkisstjóra.

Á þingi er sá háttur viðhafður um kosningu þingforseta, en eftir sömu reglum átti kosning fyrsta forseta Íslands að fara fram, að þeir, sem eigi eru fylgjandi kosningu einhvers, en vilja þó eftir atvikum við hana una, sitja hjá, skila auðum seðlum. Hinir, er þessu vilja eigi una, kjösa hinsvegar einhvern annan.

Svo sem sjálfsagt var í lyðfrjalsu landi urðu úrslit hinnar <sup>Meiri hluti um þann þann, er þann hefur: að: á ástætt um. Aðrir ríku hjá. "Hólabær"</sup> fyrstu forsetakosningar með þessum hætti. <sup>Þá</sup> Að kosningu lokinni hylltu hinsvegar allir þingmenn og almenningur hinn nýkjörna forseta. <sup>þessu</sup>

Því ber að fagna, að alþjóð unír vel hinu fyrsta forsetavali Alþingis. Þeim, sem vel líkar, ber því sízt að lasta Alþingi af þessu tilefni.

Þvert á móti ber öllum Íslendingum að fagna því, að fyrsta forsetakjörið fór svo virðulega fram, sem raun ber vitni um. Innan þingsins var ágreiningur um mannavalið. Þrátt fyrir þann ágreining var svo vel á málum haldið, að enginn skuggi hefir fallið á nafn hins fyrsta forseta. Engar ásakanir átt sér stað, enginn gert tilraun til að gera veg hans minni en vera ~~þess~~ á.

Yfir hinu ber að hryggjast, að einstöku aðilar, er lítið eigið ágæti hafa, skuli reyna að blása sig mikla af dyrð þjóðhöfðingjans. Með brigsalum og illmælum til þeirra manna, er vel og virðulega hafa komið fram, er nú verið að reyna að hvetja þá til greinagerðar um afstöðu sína til forsetakjörsins. Greinagerðar, sem óhjákvæmilega hlyti að leiða til þess, að þjóðhöfðinginn drægist inn í illvígur deilur.

Deila má um, hvort æskilegt sé, að forseta sé haldið utan við stjórnmaladannur <sup>ágreining</sup>. Enn efasamara er, hvort það tekst til lengdar. Um hitt verður eigi deilt, að þeim, sem nú halda uppi haværustum ásökunum út af forsetakjörinu, stefna beinlínis að því, að vekja um hann harðan ágreining, draga hann niður í sama fen illdeilna og ósamkomulags, sem <sup>lest</sup> annað á landi hér.

Ef svo fer nú, þá er vitað hverjir abyrgðina bera.

Því verður að treysta, að vitibornir menn og goðgjarnir, er til þess hafa aðstöðu, komi í veg fyrir að slíkur leikur verði hafinn.

Að lokum:

Oskandi væri, að þjóðin sjálf tæki fordæmi Alþingis um forsetakjör sér til fyrirmyndar, og láti hinn fyrsta forseta, sem hún kys, taka við sinni veglegu stöðu með jafnmiklu samþykki og á jafn-áreitnislausan hátt og nú hefir verið.